

stefnandi eigi að svo stöddu fjárkröfur á hendur stefndum, út af umræddum skuldakaupum, eða heimting á því, að skuldunum sé skipt á milli þeirra, og ber því að taka sýknukröfu stefnda til greina, en eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 17. nóv. 1933.

Nr. 80/1933. Sameignarfélagið „Baugur“

(Eggert Claessen)

gegn

bæjargjaldkera Reykjavíkur, f. h.

bæjarsjóðs (Garðar Þorsteinsson).

Útsvarsskylda sameignarfélags samkv. 6. gr. A. II,
1, útsvarsl. nr. 46, 15. júní 1926.

Úrskurður fúgetaréttar Reykjavíkur 20. júlí 1933: Hin framkomnu mótmæli verða ekki tekin til greina.

Dómur hæstaréttar.

Við aðalniðurjöfnun útsvara í Reykjavík 1932 var sameignarfélaginu „Baugur“ gert að greiða 5800 kr. útsvar til Reykjavíkur. Félagið neitaði að greiða gjald þetta, og krafðist því bæjargjaldkeri Reykjavíkur, að útsvarið væri tekið lögtaki, og með úrskurði, uppkveðnum 20. júlí þ. á., neitaði fúgeti að taka til greina mótmæli þau, er fram höfðu komið af hendi félagsins gegn lögtakinu.

Þessum úrskurði hefir sameignarfélagið „Baugur“ skotið til hæstaréttar með stefnu, dagsettri 22. ágúst þ. á. Krefst áfrýjandi þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og framkomin mótmæli gegn lögtakinu tekin til greina, svo og málskostnaður fyrir hæstarétti samkv. mati réttarins. Stefndi, bæjargjaldkeri

Reykjavíkur, f. h. bæjarsjóðs, krefst þess hinsvegar, að fógetaréttarúrskurðurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati réttarins.

Samkvæmt því sem upplýst er í málinu, var sameignarfélagið „Baugur“ stofnað 1918 með þeim tilgangi, að setja upp skipasmíðastöð við Skerjafjörð. — Í því skyni keypti félagið sama ár nokkurn hluta af jörðinni Skildinganesi. — Ekki varð úr því, að umræddri skipasmíðastöð væri komið upp, en hinsvegar var félaginu ekki slitið á þeim tíma, sem hér kemur til greina, heldur seldi það smám saman af landareign sinni í Skildinganesi, án þess að andvirðinu væri skipt upp á milli félaganna. Í árslok 1931 átti því félagið, samkv. skattaframtali þess, skuldlausar eignir að upphæð 68851,13 kr., og hafði nokkurn arð af þeim á árinu. Félagið var þannig samkv. framansögðu beint stofnað til að reka atvinnu, og þó ekki yrði úr öllum hinum upphaflegu áformum þess, verður ekki talið, að undantekningarákvæði í 6. gr. A. II, b í lögum nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör, nái til þess, og er félagið því útsvarsskylt samkvæmt sömu grein A. II. 1. Að þessu athuguðu, og þar sem útsvarsupphæðin getur ekki komið til álitu hér fyrir réttinum, verður að staðfesta hinn áfrýjaða fógetaréttarúrskurð.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefndum málskostnað fyrir hæstarétti, er ákveðst 200 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða fógetaréttarúrskurði skal óraskað. Áfrýjandi, sameignarfélagið „Baugur“, greiði stefnda, bæjargjaldkera Reykjavíkur,

f. h. bæjarsjóðs, 200 kr. í málskostnað, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Með því að Sameignarfélagið Baugur hefir eigi fengizt til að greiða útsvar það, að upphæð kr. 5800,00, er félaginu var gert að greiða árið 1932 til bæjarsjóðs Reykjavíkur, hefir bæjargjaldkeri Reykjavíkur krafizt lögtaks á útsvari þessu, en gerðarþoli hefir mótmælt því að lögtakið næði fram að ganga og hefir ágreiningurinn verið lagður undir úrskurð fógataréttarins.

Umboðsmaður gerðarþola hefir byggt neitun sína um greiðslu útsvarsins á því, að félagið hafi aldrei rekið hér atvinnu og sé því eigi útsvarsskylt samkvæmt 6. gr. A. II, 2 b laga nr. 46, frá 1926.

Gerðarbeiðandi hefir aftur á móti haldið því fram, að félagið hafi átt hér eignir sem hafi gefið arð og sé því útsvarsskylt samkvæmt 6. gr. A. II, 1. lið fyrrnefndra útsvarslaga.

Samkvæmt tekju- og eignarskattsframtali félagsins fyrir árið 1932, hefir félagið haft í tekjur á árinu kr. 2504,22.

Fógatarétturinn verður nú að líta svo á, að félagið sé útsvarsskylt samkvæmt 6. gr. A. II, 1. lið og er þá ekki unnt að taka hin framkomnu mótmæli til greina.

Mánudaginn 20. nóv. 1933.

Nr. 79/1933. H/f „Titan“ (Eggert Claessen)
gegn

**bæjargjaldkera Reykjavíkur, f. h.
bæjarsjóðs** (Garðar Þorsteinsson).

Útsvarsskylda hlutafélags samkv. 6. gr. A, II, 1 útsvarsl. 46, 15. júní 1926.

Úrskurður fógataréttar Reykjavíkur 20. júlí 1933: Hin framkomnu mótmæli verða ekki tekin til greina.